



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

## Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði vegna prófunar í tengslum við árs hlutareikning

Umboðsmenn kröfuhafa og  
Hagar hf.  
Holtavegi 10  
104 Reykjavík

### Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir sem byggir á umsömdu verklagi vegna skuldabréfaflokks HAGA021029

Vísað er til veðhafa og veðgæslusamkomulagsins, dags. 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila, dags. 1. október 2019. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði, dags. 16. október 2025.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2025 voru viðkomandi fjárhagslegar og sérstakar kvaðir eftirfarandi miðað við árs hlutareikning:

#### 1 Vaxtaþekja

EBITDA 12 mánaða tímabils, frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025 nam 17.041 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 3.504 m.kr. Vaxtaþekja telst því vera **4,9**.

Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokknum, HAGA021029, er að vaxtaþekja sé eigi lægri en 2,0.

#### 2 Eiginfjárhlutfall

Eigið fé Haga þann 31. ágúst 2025 nam 39.302 m.kr. Heildareignir skv. efnahagsreikningi sama dag námu 108.219 m.kr. Eiginfjárhlutfall Haga þann 31. ágúst 2025 er því **36,3%**.

Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokknum, HAGA021029, er að eiginfjárhlutfall sé eigi lægra en 25%.

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Reykjavík, 24. október 2025

Fyrir hönd staðfestingaraðila,  
**KPMG ehf.**